

## Skólaráðsfundur 24. nóvember

### Viðbót við skyggnur skólastjóra

Mættir: Andrés og Hjördís fulltrúar foreldra- og grenndarsamfélagsins, Steinunn og Gumma fulltrúar kennara og annarra starfsmanna, Björg og Friðþjófur, Guðmundur fulltrúi foreldra mætti of seint, Sindri Pétur fulltrúi nemenda mætti aðeins of seint.

- Skólastarfið – Jakob Frímann kom til okkar í skólann til að kynna meistararitgerð sína „úti er ævintýri“. Skólann langar að halda inni hluta af ferðaverkefninu og stefnum að því að fara a.m.k. í Laugavegsgönguna.
- Brunaæfing gekk ágætlega þó að huga verði betur að starfsfólki og talningu þeirra í ferlinu.
- Skólastarf á aðventu – kirkjuferð o.f.l.
- 1.des. Fullveldisþemað verður unnið verkefnið og opið hús – sýning á verkum nemenda verður 14. desember.
- Sífellt fleiri nemendur sem ekki geta greitt í áskrift af matnum. Vanskil aukast. Skólasálfræðingar hafa fundið fyrir aukningu á kvíða og vanlíðan nemenda hjá Kópavogsbæ.
- Nýjar reglur um ábyrgð og skyldur aðila í samfélaginu. Umræða um skólabrag og við eigum að skilgreina í hverju jákvæður skólabragur er falin. Sérstakt fagnaðarerindi er 7. gr. um einelti og fagrað sem á að setja á fót.
- Comeniusarverkefnið rætt aðeins. Heimsókn erlendra gesta í næstu viku. 15 manns frá 7 löndum. Töluverður undirbúningur hefur verið í gangi og tilhlökkun að taka á móti þessum góðu gestum.
- Lækir tifa (grein í Morgunblaðinu) – Margrét Júlía talar um slæmt ástand Kópavogslækjarins. Rætt um að æskilegt væri að upplýsingar gengu til foreldra og hverfisbúa.
- Borið hefur á bílaumferð við hurð dægradvalarinnar – verðum að stoppa það. Mikið myrkur er á morgnanna spurt var um aukna lýsingu – það verður skoðað.

- Erindi frá **jafnréttis-** og menningarmálanefnd Kópavogs varðandi fermingarferðir ofl. Skólarnir eiga að svara þessu erindi.
- **Starfsmannamál** – fæðingarorlof og veikindaleyfi, þungt reynist að manna þessi forföll.
- **Endurmenntun** – skyndihjálp, sjálfbær þróun og fræðsla um nemendur með raskanir á eldra stigi.
- Friðþjófur fer yfir niðurstöður samræmdra prófa erum mjög ánægð með þessar niðurstöður.

#### **Önnur mál:**

- Sindri Pétur fulltrúi nemenda í skólaráði kom fram með tillögur frá nemendum inn í skólastarfið. Þau vilja gjarnan geta keypt sér ávexti og meira af grófu brauði. Einnig kom fram tillaga um að fá nöfn afmælisbarna á skjáinn sem vísar inn í alrými. Vel var tekið í þetta og fer það strax í ferli.

Fundi slitið kl. 18.10.

Fundarritari: Björg Baldursdóttir